



## ***Grænt bókhald 2020***



Reykjanesbæ, 25. júní 2021.

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

**Efni: Grænt bókhald fyrir árið 2020**

Hér með er Umhverfisstofnun gerð skil á Grænu bókhaldi Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir árið 2020 í samræmi við ákvæði reglugerðar 851/2002.

Stjórn Kólku sorpeyðingarstöðvar sf., framkvæmdastjóri og rekstrarstjóri brennslustöðvar staðfesta hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um Grænt bókhald Kólku sorpeyðingarstöðvar sf.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf.

---

Önundur Jónasson, formaður

f.h. Kólku sorpeyðingarstöðvar sf.

---

Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri

---

Ingbór Karlsson, rekstrarstjóri brennslustöðvar



## Staðfestingarskýrsla óháðs endurskoðanda

### Kalka sorpeyðingarstöð sf.

Staðfestingarskýrsla sem veitir takmarkaða vissu um grænt bókhald Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

### Ályktun

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. Byggt á þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að grænt bókhald Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

### Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingarvinnu okkar felur í sér skoðun á grænu bókhaldi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. í þeim tilgangi að gefa niðurstöðuskýrslu sem felur í sér takmarkaða vissu um að grænt bókhald Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir árið 2020 og borið það saman við fjárhagsbókhald félagsins.

### Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 (revised) sem á við um staðfestingarvinnu aðra en endurskoðun og könnun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) eða alþjóðlega könnunarstaðla (ISRE). Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum „Ábyrgð endurskoðanda“ í þessari skýrslu.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

### Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Kölku sorpeyðingarstöð sf. í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðenda.

Við fylgum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC 1 og viðhöldum í samræmi við það alhliða kerfi gæðaeftirlits, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

### Aðgerðir

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaldið faglegri tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3000 (revised), siðareglur og óhæðisreglur.

Skoðanir okkar samanstóðu m.a. af eftirfarandi:

- Að bera kennsl á og meta áhættuna á verulegum rangfærslum á grænu bókhaldi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir árið 2020 hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, að hanna og framkvæma staðfestingarvinnu sem nær yfir skilgreinda áhættu og afla staðfestingargagna sem eru

---

PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Iceland  
T: +354 550 5300, [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

"PwC" refers to the network of member firms of PricewaterhouseCoopers International Limited (PwCIL), or, as the context requires, individual member firms of the PwC network. Each member firm is a separate legal entity and does not act as agent of PwCIL or any other member firm. PwCIL does not provide any services to clients. No member firm is responsible or liable for the acts or omissions of any other member firm nor can it control the exercise of another member firm's professional judgment or bind another member firm or PwCIL in any way.



nægjanleg og viðeigandi til að byggja ályktun okkar á. Meiri hætta er á að verulegar skekkjur vegna sviksemi uppgötvist ekki heldur en skekkjur vegna mistaka þar sem sviksemin er hönnuð til þess að komast ekki upp, m.a. með ólögumætu samráði, fölsunum, vísvitandi gáleysi, rangfærslum eða sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.

- Að öðlast skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir staðfestingarvinnuna til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta í ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.

## Önnur atriði

Staðfestingarvinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í skýrslu Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. um grænt bókhald fyrir árið 2020 en þær sem að ofan greinir. Ályktun okkar nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

## Ábyrgð stjórnar

Stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. ber ábyrgð á að framsetning græns bókhalds Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur ber stjórn ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu á grænu bókhaldi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. þannig að grænt bókhald Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg víska fáiast um að grænt bókhald Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vissu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar grænu bókhaldi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. Takmörkuð víska veitir ekki eins mikla vissu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar vissu.

Skekkjur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulegar ef, bæði að hluta og í heild, þær eru taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notenda skýrslunnar byggt á grænu bókhaldi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðrétta mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík, 25. júní 2021

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Arna G. Tryggvadóttir  
Löggiltur endurskoðandi



## **Starfsemi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf.**

### **Nafn fyrirtækis**

Kalka sorpeyðingarstöð sf.. Kt. 531278-0469

### **Lögheimili**

Berghólabraut 7, 230 Reykjanesbær

### **Útgefandi starfsleyfis**

Umhverfisstofnun

### **Eftirlitsaðili**

Umhverfisstofnun

### **Fyrirtækjaflokkur**

Fyrirtækið fellur undir flokk 5.2. skv. fylgiskjali reglugerðar um grænt bókhald (851/2002)

### **Bókhaldstímabil**

Bókhaldstímabilið nær frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020

### **Gildistími starfsleyfis**

Starfsleyfi var gefið út 21. september 2016.

Starfsleyfinu var síðar breytt þann 18. Janúar 2021 og gildir það til 21. september 2032

### **Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. 2020 - 2021 skipa:**

Önundur Jónasson, formaður

Ásrún Helga Kristinsdóttir,

Inga Rut Hlöðversdóttir,

Laufey Erlendsdóttir,

Páll Orri Pálsson.

### **Starfsemi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf.**

Kalka sorpeyðingarstöð sf. er í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hefur aðalskrifstofur að Berghólabraut 7, 230 Reykjanesbæ.

Kalka rekur sorpbrennslu og móttökustöð fyrir úrgang frá fyrirtækjum á Suðurnesjum að Berghólabraut 7, Reykjanesbæ.

Kalka rekur geymsluhúsnæði fyrir flugösku að Fitjabraut 10, Reykjanesbæ.

Auk þess rekur fyrirtækið endurvinnslustöðvar fyrir heimilisúrgang að Berghólabraut 7, Reykjanesbæ, Nesvegi 1, Grindavík og Jónsvör 9, Vogum.

## Grænt bókhald - magntölur 2020

Tímabil	2020	2019	2018	2017	2016
Sorphirða sveitarfélög	5.663.390	5.378.535	5.206.990	5.071.450	4.646.830
Gámafyrirtæki	5.489.264	5.556.521	6.024.555	5.817.095	5.064.173
Önnur fyrirtæki	1.953.397	1.989.735	2.038.243	2.164.068	2.126.291
Gámaplön	5.792.899	5.511.816	5.062.161	5.479.655	2.825.392
<b>Samtals mótttekið (kg)</b>	<b>18.904.053</b>	<b>18.436.607</b>	<b>18.331.949</b>	<b>18.532.268</b>	<b>14.662.686</b>
Brennsla	11.023.463	10.549.953	11.479.101	11.529.789	11.019.040
Frákeyrt í urðun	4.030.708	4.464.236	4.493.454	4.979.817	2.042.284
Frákeyrt í endurvinnslu	3.849.882	3.422.418	2.359.394	2.022.662	1.601.362
<b>Samtals (kg)</b>	<b>18.904.053</b>	<b>18.436.607</b>	<b>18.331.949</b>	<b>18.532.268</b>	<b>14.662.686</b>
<b>Orku-og hráefnanotkun</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>
Notk. rafm Kalka (KWh)	1.340.918	1.238.183	1.260.280	1.322.918	1.257.150
Notk. rafm Gr.vík (kWh)	15.218	21.986	21.795	16.579	16.991
Notk. rafm Vogar (kWh)	13.067	12.074	8.262	9.575	9.388
Notk. rafm Fitjabraut 10 (kWh)	3	3	3	4	3
Kalt vatn (m3)	7.889	5.260	6.292	6.039	9.348
Heitt vatn Kalka (m3)	1.599	1.488	2.574	7.341	13.258
Basísk íblöndunarefni (kg)	290.470	220.000	440.000	370.000	426.000
Gasolía (lítrar)	58.766	49.917	33.501	33.160	33.691
AdBlue	250	200	310	0	0
Steinolía	440	0	0	0	0
Gas (kg)	33	231	33	66	88
Smurolía (lítrar)	65	55	65	56	44
Olíuhreinsir (lítrar)	220	100	165	380	420
Glussi (lítrar)	228	516	1.040	764	836
Smurfeiti (lítrar)	20	20	20	35	29
Hreinsiefni (lítrar)	400	450	520	506	392
Frostlögur (lítrar)	30	40	0	445	60
Bætiefni í ketilvatn	225	525	275	200	750
Lútur (lítrar)	880	960	960	1560	940
Saltsýra (lítrar)	1.680	720	960	2.400	1.223
<b>Útstreymi lofttegunda</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>
HCl (kg)	710	736	942	783	923
SO <sub>2</sub> (kg)	2.328	3.673	1308	867	1.072
NO <sub>x</sub> (kg)	3.150	3.117	2.245	3.563	1.689
CO (kg)	303	405	348	231	309
TOC (kg)	60	33	37	20	28
Ryk (kg)	111	119	38	31	215
HF (kg)	0,008	0,92	0	3,45	5,33
Hg (kg)	0,002	0,02	0	0,00	0
Cd + Tl (kg)	0,026	0,02	0	0	0
As+Pb+Cr+Cu+Co+Mn+Ni+Sn Sb+V (kg)	0,819	1,63	3,20	4,31	4,09
Díoxín (kg)	0,000001	0,000002	0,0000011	0,00009	0,00008
<b>Samtals kg</b>	<b>6.662</b>	<b>8.088</b>	<b>4.921</b>	<b>5.503</b>	<b>4.246</b>
<b>Botn og svifaska</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>
Botnaska	1.651.780	2.030.020	1.831.460	1.893.990	1.862.900
Málmar úr botnösku	-404.640	-34.948	-326.980	-346.770	-251.880
Svifaska	768.980	375.600	551.320	473.300	491.000
<b>Samtals</b>	<b>2.016.120</b>	<b>2.370.672</b>	<b>2.055.800</b>	<b>2.020.520</b>	<b>2.102.020</b>

# Undirritunarsíða

Öundur Jónasson

Ingþór Karlsson

Steinþór Þórðarson

Arna Guðrún Tryggvadóttir